

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/84/EB

2001/EES/31/09

frá 19. desember 1996

um breytingu á tilskipun 89/398/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um sérfaði(*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100 gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 4. gr. tilskipunar ráðsins 89/398/EBE ⁽⁴⁾ er kveðið á um að mæla skuli fyrir um sérákvæði, sem gilda um þá flokka matvæla sem taldir eru upp í I. viðauka, í sértilskipunum framkvæmdastjórnarinnar.

Hinn 20. desember 1994 gerðu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin með sér bráðabirgðasamkomulag um ráðstafanir til framkvæmdar lagagerðum sem eru samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽⁵⁾.

Sértilskipanirnar endurspeglar þekkingu þess tíma er þær voru samþykktar. Allar breytingar, gerðar í þeim tilgangi að heimila nýjungar sem grundvallast á framförum á sviði vísinda og tækni, ber því að samþykkja samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar 89/398/EBE, að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun 95/273/EB ⁽⁶⁾.

Nauðsynlegt er að mæla fyrir um málsmeðferð þar sem heimilað er að markaðssetja tímabundið matvæli sem eru

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stj. 48, 19.2.1997, bls. 20, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2000 frá 28. júní 2000 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 42, 21.9.2000, bls. 9.

⁽¹⁾ Stj. 389, 31. 12. 1994, bls. 21 og Stj. 41, 13. 2. 1996, bls. 13.

⁽²⁾ Stj. 256, 2. 10. 1995, bls. 1.

⁽³⁾ Álit var skilað 11. október 1995 (Stj. 287, 30. 10. 1995, bls. 108). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. júní 1996 (Stj. 315, 24. 10. 1996, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 23. október 1996 (Stj. 347, 18. 11. 1996). Ákvörðun ráðsins frá 9. desember 1996.

⁽⁴⁾ Stj. 186, 30. 6. 1989, bls. 27.

⁽⁵⁾ Stj. 102, 4. 4. 1996, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stj. 167, 18. 7. 1995, bls. 22.

árangur tækninýjunga og nýta þannig að fullu árangurinn af rannsóknum viðkomandi atvinnugreinar á meðan beðið er breytinga á viðeigandi sértilskipun.

Af ástæðum er varða heilsuvernd neytenda er hins vegar einungis heimilt að leyfa markaðssetningu að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli.

Einungis skal veita leyfi ef varan er ekki á neinn hátt hættuleg heilsu manna.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við í 4. gr. tilskipunar 89/398/EBE:

„1a. Í þeim tilgangi að auðvelda skjóta markaðssetningu matvæla, sem ætluð eru til sérstakra næringarnota og eru árangur framfara á sviði vísinda og tækni, getur framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr., heimilað tveggja ára tímabil fyrir markaðssetningu matvæla sem samræmast ekki þeim reglum um samsetningu sem mælt er fyrir um í sértilskipunum sem um getur í I. viðauka.

Framkvæmdastjórnin getur, ef nauðsyn krefur, bætt við ákvörðun sína um heimild reglum um merkingu í tengslum við breytingu á samsetningu.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. desember 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

K. HÄNSCH

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

S. BARRETT

forseti.
